

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Smiðju við Tjarnargötu  
101 Reykjavík

SENT Á UMSAGNAGÁTT

Reykjavík, 29. janúar 2026

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009 (framkvæmd), 296. mál**

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 15. janúar sl., um umsögn um ofangreint mál, á þingskjal 411.

Markmið frumvarpsins er í greinargerð einkum sagt að skýra framkvæmd laganna um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og auka skilvirkni. Undir þau markmið getur FA tekið. Tvö atriði skulu gerð hér að umtalsefni.

**Afgreiðslutími Rannís**

Í frumvarpinu er lagt til að lögbundinn afgreiðslutími Rannís verði þrír mánuðir, í stað tveggja, sbr. 4. gr. og a-lið 5. Í greinargerð frumvarpsins segir að lagt sé til að fresturinn verði lengdur þar sem vegna aukins umfangs hafi reynzt erfitt að standa við hann. FA er kunnugt um dæmi frá liðnu ári, þar sem drátturinn á afgreiðslu Rannís á umsóknum var miklu lengri en mánuður. Dæmi voru um að afgreiðsla mála tæki fimm mánuði og setti fyrir vikið allar áætlanir fyrirtækja í fullkomið uppnám. Í ljósi þess að tilgangur laganna er að styðja við og auðvelda rekstur nýsköpunarfyrirtækja skýtur það skökku við þegar stjórnarsýslan í málaflokknum flækir rekstur og áætlanagerð og stefnir jafnvel fjárhagsstöðu fyrirtækja í óefni.

Lenging á lögbundnum afgreiðslutíma breytir auðvitað engu um framkvæmdina í stjórnarsýslunni. FA leggur mikla áherzlu á að Rannís fari að lögbundnum frestum og stjórnarsýsla stofnunarinnar sé skilvirk og fagleg, en á það hefur verulega vantað.

**Staðfesting til tveggja ára**

Í b-lið 5. gr. frumvarpsins er lagt til að lengja megi gildistíma staðfestingar verkefna í tvö ár, sé styrkhæfur kostnaður ekki umfram 125 milljónir kr. á ári og fyrirtækið teljist lítið. Þetta er að mati FA skynsamleg tillaga og til þess fallin að draga úr umstangi og skriffinnsku bæði hjá fyrirtækjunum og Rannís, sem gæti stuðlað að því að stofnunin hysjaði upp um sig hvað afgreiðslutímann varðar.

Þá þarf hins vegar að gæta að því, sem nefnt er í greinargerðinni, að framvinduskýrslur séu raunverulega einfaldar í sniðum, þannig að vinna við skil þeirra slagi ekki upp í þá vinnu sem leggja þarf í árlega umsókn. FA telur að varasamt geti verið að leggja það eingöngu í hendur Rannís að ákveða hvaða upplýsingum skuli kallað eftir í slíkum skýrslum og að hugsanlega sé skýrara að kveða á um það í reglugerð.

**Að lokum**

Eins og að ofan segir, styður FA markmið frumvarpsins og leggur til að það verði samþykkt, þó með tilliti til ofangreindra athugasemda.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA